

Orkustofnun  
Skúli Thoroddsen  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 13. febrúar 2014  
Tilvísun: UST20140100111/bs

## **Umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi í Gjástykki - leyfi Umhverfisstofnunar**

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 14. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar og leyfis Umhverfisstofnunar vegna umsóknar Landsvirkjunar um endurnýjun leyfis til rannsókna á jarðhita, grunnvatni og efnisnánum vegna mögulegrar orkuvinnslu í Gjástykki. Vísað er til 5. gr. laga nr. 87/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu varðandi umsögn Umhverfisstofnunar og 6. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun varðandi samþykki Umhverfisstofnunar fyrir yfirborðsrannsóknum á svæðum sem flokkuð hafa verið í verndarflokk skv. þeim lögum.

Samkvæmt erindi Landsvirkjunar, dags. 9. janúar 2014, til Orkustofnunar er sótt um endurnýjun á rannsóknarleyfi í Gjástykki til 4 ára. Fram kemur að rannsóknarleyfi hafi runnið út 31. desember 2013. Sótt er um leyfi til rannsókna á jarðhita, grunnvatni og efnisnánum.

Í erindinu segir að óvissa hafi ríkt um möguleika til nýtingar svæðisins vegna stöðu Gjástykkis í Rammaáætlun. Vísað er til þess að svæðið hafi verið flokkað í verndarflokk áætlunar um vernd og orkunýtingu landssvæða. Þá er vísað til þess að svæðið hafi enn sem komið er ekki verið friðlýst. Dregin er sú ályktun að þar af leiðandi verði svæðið aftur tekið til skoðunar 3. áfanga rammaáætlunar. Fram kemur að Landsvirkjun hafi áhuga á að skoða hvort hægt sé að útfæra virkjun með enn minni umhverfisáhrifum en sú útfærsla sem lögð var fyrir 2. áfanga rammaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á að í verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar eru flokkaðir þeir virkjunarkostir sem ekki er talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga, nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun. Með samþykkt þingsályktunar um verndar og orkunýtingaráætlun var tekin sú afstaða til Gjástykkissvæðisins að það skyldi flokkað í verndarflokk. Það þýðir að núverandi staða svæðisins er sú að þar er ekki stefnt að virkjun heldur friðlýsingu. Að mati Umhverfisstofnunar ríkir því ekki óvissa í dag um möguleika til nýtingar svæðisins vegna stöðu Gjástykkis í Rammaáætlun, heldur er núverandi staða svæðisins skýr.

Eins og fram kemur í 4. mgr. 6. gr. framangreindra laga skulu stjórnvöld þegar Alþingi hefur

samþykkt verndar- og orkunýtingaráætlun hefja undirbúning að friðlýsingu landsvæða sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu samkvæmt verndarflokki áætlunarinnar. Í samræmi við framangreint hóf Umhverfisstofnun undirbúning að friðlýsingu Gjástykkis í kjölfar samþykktar þingsályktunartillögunnar. Verkefnið var kynnt fyrir viðkomandi sveitarfélögum og landeigendum og óskað viðræðna. Gjástykkissvæðið hefur ekki verið friðlýst enn sem komið er eins og fram kemur í erindi Landsvirkjunar en Umhverfisstofnun telur hugsanlegt að samkomulag geti náðst um friðlýsingu afmarkaðs landssvæðis í Gjástykki.

Í erindi Landsvirkjunar er vísað til svæðisskipulags í Þingeyjarsýslum sem staðfest var árið 2008 og aðalskipulags Þingeyjarsveitar um forsendur orkuvinnslu á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að tilgangur frumvarps til laga um verndar og orkunýtingaráætlun var að tryggja að komu Alþingis að mótu stefnu um landnýtingu og þar með samþættingu þeirra ólíku en ríku almannahagsmuna sem í húfi eru. Í almennum athugasemdum með frumvarpinu segir:

*„Í því felst að ákvarðanir sem nú eru alfarið hjá stjórnvöldum færast að ákveðnu marki til Alþingis í formi almennrar stefnumörkunar að undangengnu samræmdu og faglegu mati á viðkomandi landsvæðum og virkjunarkostum.“*

Hvað orkunýtingu svæðisins varðar liggur þar með fyrir nýrri áætlun frá Alþingi en vísað er til í bréfi Landsvirkjunar sem ætla verður að gangi framar eldri áætlunum að því marki sem tilfærslu ákvörðunarvalds frá stjórnvöldum til Alþingis nemur.

Um skilyrði til rannsókna á svæðum í verndarflokki segir í 2.-3. mgr. 6. gr laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun:

*„Stjórnvöldum er ekki heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem eru í verndarflokki eða eru á svæðum sem ástæða er talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Þá eru aðrar orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar einnig óheimilar.*

*Þrátt fyrir 2. mgr. er unnt að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar að heimila yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki.“*

Samkvæmt því sem að framan segir er meginreglan sú að ekki er heimilt að veita leyfi tengd orkurannsóknum eða orkuvinnslu vegna virkjunarkosta í verndarflokki. Sú undantekningарregla sem fram kemur í 3. mgr. 6. gr. á þannig samkvæmt viðurkenndum lögskýringarsjónariðum að skýrast þróngt sbr. og athugasemdir með frumvarpi til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun. Þar segir að þó sé heimilt: „*að framkvæma yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki, enda fela slíkar rannsóknir ekki í sér varanlega mannvirkjagerð eða röskun á landslagi, náttúru eða menningarsögulegum minjum, sbr. skilgreiningu 2. gr.*“

Skilgreining yfirborðsrannsókna er eftirfarandi: „*6. Yfirborðsrannsóknir: Kortlagning náttúrusvæða, landslags, lífríkis, vatnafars og jarðfræði. Jarðfræðirannsóknir skiptast í rannsóknir á jarðfræði, jarðefnafræði og jarðeðlisfræði sem byggjast á sýnatöku á gasi, vatni og bergi, mælingu með tækjum á yfirborði og grunnum borunum til að ná bergsýnum, mælingu á berghita og stöðu grunnvatns, með léttum bortækjum sem skilja ekki eftir sig nein verksummerki.*“

Landsvirkjun sækir um leyfi til rannsókna á jarðhita, grunnvatni og efnisnánum.

Í ofangreindu bréfi Orkustofnunar kemur fram að takmarkanir hafi verið settar á heimildir stjórnvalda til að veita rannsóknarleyfi vegna verndarflokks, sbr. 6. gr. og vegna biðflokk sbr. 5. gr. laganna:

*„Þar sem umrætt rannsóknarsvæði í Gjástykki, samkvæmt umsókn Landsvirkjunar, tekur til landsvæðis í verndarflokki samkvæmt gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun er Orkustofnun sem leyfisveitanda samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, m.s.br., heimilt að fengnu samþykki Umhverfisstofnunar með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga nr. 48/2011, að heimila yfirborðsrannsóknir á svæðum í verndarflokki að öðrum skilyrðum uppfylltum sem Orkustofnun telur nauðsynleg.“*

Í bréfi Landsvirkjunar dags. 9. janúar sl. þar sem óskað er eftir áframhaldandi leyfi Orkustofnunar til rannsókna í Gjástykki, segir m.a.:

*„Á meðan óvissa ríkir um mögulega friðlysingu svæðisins verður rannsóknum haldið í lágmarki og einskorðast við yfirborðsrannsóknir, einkum áframhaldandi rekstur jarðskjálftamæla og mælinga á vatnsborði í holum sem þegar eru á svæðinu.“*

Í bréfi dags. 27. janúar sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir nánari upplýsingum frá Orkustofnun um hver verði réttaráhrif rannsóknaleyfa á þeim svæðum sem nú eru í verndarflokki Rammaáætlunar ef af útgáfu leyfa verður. Svar barst frá Orkustofnun með bréfi dags. 29. janúar sl. og þar segir m.a.:

*„Leyfishafi hefur ekki forgangsrétt eða fyrirheit um nýtingarleyfi á viðkomandi auðlind, en nýtingarleyfi er nauðsynleg forenda virkjunarleyfis jarðhita.“ Nánar um réttaráhrif segir m.a.: „Um réttaráhrif rannsóknarleyfis fer að ákvæðum laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998, með síðari breytingum, (auðlindalögum). Skýrt er tekið fram í 3. mgr. 5. gr. að ekki er unnt að veita rannsóknarleyfishafa forgang til nýtingar, nema um sé að ræða rannsóknir vegna hitaveitu.“*

### **Umsögn - áhrifamat**

Í umsögnum Umhverfisstofnunar um umsóknir um rannsóknarleyfi hefur stofnunin lagt áherslu á að rannsóknir séu afturkræfar ef þess er nokkur kostur, umfangi þeirra verði stillt í hóf og að ummerki um rannsóknir verði fjarlægðar ef ekki komi til frekari nýtingar. (Sjá t. d. umsagnir dags. 19. október 2009 um Umsókn Group Rouillier um frekari sýnatöku vegna rannsókna á kalkþörungum í Ísafjarðardjúpi og 1. nóvember 2013 um Framlengingu á rannsóknarleyfi á heitu og köldu vatni á Keilisnesi). Þær rannsóknir sem Landsvirkjun ráðgerir að framkvæma í Gjástykki einskorðast við yfirborðsrannsóknir, einkum áframhaldandi rekstur jarðskjálftamæla og mælinga á vatnsborði í holum sem þegar eru á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að unnt sé að framkvæma þessar rannsóknir án þess að þeim fylgi rask umfram það sem þegar er orðið í Gjástykki.

Í erindi Landsvirkjunar kemur fram að sótt er um leyfi til rannsókna á jarðhita, grunnvatni og efnisnáum. Umhverfisstofnun telur ekki skýrt hvað átt er við með rannsóknum á efnisnáum.

Í ljósi þess að Gjástykki er flokkað í verndarflokk telur Umhverfisstofnun ekki fært að fallast á rannsóknir sem fela í sér varanlega mannvirkjagerð eða röskun á landslagi, náttúru eða menningarsögulegum minjum.

### **Samþykki - skilyrði**

Með vísan til 3. mgr. 6. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun samþykkir Umhverfisstofnun að heimilaðar verði yfirborðsrannsóknir í Gjástykki skv. umsókn Landsvirkjunar dags. 9. janúar sl. enda eru eingöngu heimilaðar yfirborðsrannsóknir sem felast í rekstri jarðskjálftamæla og mælinga á vatnsborði í borholum sem þegar eru til staðar. Ekki verði um að ræða rannsóknir vegna efnisnáma sem fela í sér könnun jarðlaga með borun eða greftri eða aðrar rannsóknir sem fela í sér að yfirborði verði raskað.

Virðingarfyllst

Sigrún Agústsdóttir  
Sviðsstjóri

Björn Stefánsson  
sérfræðingur